



# Sjúkratrygging

Skilmáli nr. SJ11

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. SJ11.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Sjúkratrygging hentar þeim sem vilja tryggja sig fyrir tekjutapi vegna veikinda.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.  
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggður er sá sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Á Íslandi.
- 2.2 Hvar sem er í heiminum í allt að sex mánuði talið frá brottfarardegi frá Íslandi, nema um annað sé samið.

## 3. Aldurstakmark

3.1 Tryggingin fellur úr gildi við næstu endurnýjun eftir að tryggður verður 67 ára.

## 4. Hugtakanotkun

- 4.1 Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er til staðar af völdum sjúkdóms hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar.
- 4.2 Biðtími er það tímabil sem samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá upphafi óvinnufærni þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

## 5. Hvað bætir tryggingin?

5.1 VÍS greiðir bætur vegna þeirra bótabátta sem innifaldir eru í tryggingu og tilgreindir eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun:

Bótabáttur	VÍS greiðir bætur vegna sjúkdóms sem tryggður fær á gildistíma tryggingarinnar:
5.1.1 Miskabætur	a) Ef sjúkdómur leiðir til varanlegs miska sem er 25% eða hærri greiðir VÍS miskabætur.
5.1.2 Dagpeningar	a) Ef sjúkdómur leiðir til tímabundins missis starfsorku sem er 50% eða hærri greiðir VÍS dagpeninga. b) Ef tryggður er í sóttkví á heimili eða sjúkrahúsi að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda og getur ekki stundað vinnu greiðir VÍS dagpeninga.

## 6. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 6.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna sjúkdóms:
- Sem hafði sýnt einkenni áður en tryggingin tók gildi, nema að VÍS hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt trygginguna þrátt fyrir það.
  - Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds sjúkdóms og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
  - Af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án



- d) vilja tryggðs.
  - e) Af völdum neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna.
  - f) Sem beint eða óbeint orsakast af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar sjúkdóms verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 6.2 VÍS greiðir ekki dagpeninga fyrir starfsorkumissi sem tryggður verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla. Í slíkum tilfellum er biðtími eigi skemmri en einn mánuður.
- 6.3 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 7. Verð

- 7.1 Verð tryggingar ákvarðast af aldri tryggðs.
- 7.2 Verðið breytist við endurnýjun tryggingar í samræmi við aldur tryggðs og breytingar á vísitölu neysliverðs.

## 8. Tryggingarfjárhæð

- 8.1 Hámark tryggingarfjárhæða vegna miskabóta og dagpeninga kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Tryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysliverðs við endurnýjun tryggingar.
- 8.3 Bætur reiknast á grundvelli tryggingarfjárhæða við upphaf sjúkratímabils eins og hér segir:
  - a) Miskabætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysliverðs frá upphafi sjúkratímabils til uppgjörsdags. Vísitölubinding miskabóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá upphafi sjúkratímabils.
  - b) Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysliverðs frá upphafi sjúkratímabils meðan starfsorkumissir varir.

## 9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur vegna varanlegs miska (miskabætur):
  - 9.1.1 Varanlegan miska skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar mat fer fram. Við ákvörðun miskastigs ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Sjúkdóma sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til miska. Ef líkur eru til að ástand tryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins tryggða ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Varanlegur miski getur aldrei talist meiri en 100%. Miskabætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina.
  - 9.1.2 Ef missir eða bæklun útlíma, líffæra, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist varanlegur miski hlutfallslega. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til varanlegs miska með hliðsjón af bækluninni fyrir sjúkdóminn.
  - 9.1.3 Varanlegur miski skal að jafnaði metinn einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi síðar en þegar greiðslum dagpeninga lýkur, sbr. gr. 9.2 með hliðsjón af ástandi tryggðs á þeim tíma.
  - 9.1.4 Bendi fyrirbyggjandi lækisfræðileg gögn til varanlegra afleiðinga vegna sjúkdómsins, mun starfsfólk VÍS leggja mat á umfang þeirra með hliðsjón af miskatöflu örorkunefndar. Telji starfsfólk VÍS tilefni til, getur VÍS aflað mats utanaðkomandi sérfræðings á afleiðingum sjúkdómsins.
  - 9.1.5 Tryggður skal óska eftir mati VÍS í samræmi við greinar 9.1.3 og 9.1.4 og eigi síðar en þremur árum frá upphafi sjúkratímabils, að öðrum kosti fellur réttur hans til bóta skv. tryggingunni niður.
- 9.2 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku (dagpeningar):
  - 9.2.1 VÍS tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli lækisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
  - 9.2.2 Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissi frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati lækis eða þar til miskamat hefur farið fram.
  - 9.2.3 Dagpeningar greiðast ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá upphafi sjúkratímabils.
  - 9.2.4 Dagpeningar fyrir sama sjúkdóm eða sama sjúkdómstilfelli greiðast ekki lengur samanlagt en í þann bótatíma sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Sama gildir um sjúkdóma sem lækisfræðileg tengsl eru á milli.

**Miskabætur** eru fébætur fyrir tjón sem er ekki fjárhagslegt. Greiddar eru sömu miskabætur til aðila óháð aldri, stöðu á vinnumarkaði og félagslegri stöðu.



- 9.2.5 Þegar styttra er á milli sjúkdómstílfella en nemur hámarki bótatíma í skírteini eða endurnýjunarkvittun eru sjúkratímabilin lögð saman og bætur ekki greiddar lengur en í framangreindan hámarkstíma.
  - 9.2.6 Þegar lengra en 12 mánuðir líða á milli bótaskyldra sjúkdómstímabila hefjast bótagreiðslur fyrst að liðnum nýjum biðtíma. Sé tíminn styttri en 12 mánuðir er nýr biðtími ekki dreginn frá nema um sé að ræða ótengda sjúkdóma.
  - 9.2.7 Stafi starfsorkumissir tryggða að einhverju leyti af öðrum orsökum en sjúkdómnum lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
  - 9.2.8 Dagpeningar greiðast í lok hvers mánaðar.
  - 9.2.9 Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.
- 9.3 VÍS er heimilt að láta lækni, að vali VÍS, skoða tryggða.
- 9.4 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**